Nr. 1299 12. desember 2019

# GJALDSKRÁ

**Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.**

## Matvælaeftirlit.

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt henni.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi samkvæmt lögum um matvæli, sbr. lagabreytingu nr. 33/2018. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

## Hollustuhættir og mengunarvarnir.

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

4. gr.

*Tóbaksvarnir.*

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit með, sbr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002, ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. gr. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

*Um meðhöndlun úrgangs.*

Vegna eftirlits sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 17.500 |
| Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldra eðlisfræðilegra mælinga. | kr. 18.000 |

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis:<br>Auk auglýsingakostnaðar ef við á | eitt og hálft tímagjald |
| Nýtt leyfi:<br>Auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á | tvöfalt tímagjald |
| Önnur leyfi:<br>Leyfisgjald<br>og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á | tvöfalt tímagjald |

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum skal greiða tvöfalt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt. Útlagður kostnaður er þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit.

Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu árlegra eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en annarra gjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 5. desember 2019, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 27. nóvember 2019 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 22. október 2019, með vísun til ákvæða 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1285/2018 Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.

*Garðabæ, 12. desember 2019.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Hörður Þorsteinsson** framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI

| **Heiti atvinnugreinar** | **Tíðni** | **Sýnafjöldi** | **Eftirlits- og sýnagjald kr.** |
|---|---|---|---|
| Akstursíþróttasvæði og/eða akstursæfingabraut | 1 | | 26.250 |
| Alifuglarækt | 1 | | 96.250 |
| Áfengisverslun | 0,25 | | 12.375 |
| Bakarí, verslun, án vinnslu | 1 | 1 | 79.250 |
| Bakarí, verslun, minni háttar veitingasala | 1 | 1 | 114.250 |
| Bakarí og veitingasala | 1 | 1 | 131.750 |
| Bensínstöð, sjálfsafgreiðsla | 1 | | 70.000 |
| Bílgrein, lítið bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | | 26.250 |
| Bílgrein, viðgerðaraðstaða, bónstöð o.þ.h. | 0,5 | | 26.250 |
| Bílgrein, ryðvörn o.þ.h. | 1 | | 87.500 |
| Bílgrein, smurstöð | 0,5 | | 52.500 |
| Bílgrein o.fl., geymsla og viðgerðir | 0,5 | | 21.875 |
| Bílgrein o.fl., verkstæði fyrirtækja | 0,5 | | 52.500 |
| Bílgrein, hjólbarðaverkstæði | 0,5 | | 17.500 |
| Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | | 52.500 |
| Bílgrein, margþætt starfsemi | 1 | | 122.500 |
| Bílgrein, bifreiðasprautun | 0,5 | | 52.500 |
| Bílgrein, réttingaverkstæði | 0,5 | | 26.250 |
| Bílgrein, þvotta- og bónstöð | 0,5 | | 52.500 |
| Bílgrein, partasala | 2 | | 105.000 |
| Búsetuúrræði | 1 | | 30.625 |
| Daggæsla í heimahúsi með > 6 börn | 0,5 | | 28.875 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili | 1 | 1 | 158.000 |
| Dýralæknastofa | 0,5 | | 21.000 |
| Efnalaug og/eða þvottahús | 1,0 | | 61.250 |
| Endurhæfingar-, dvalar- og hjúkrunarheimili með sundlaug | 4 | 3 | 264.000 |
| Endurnýting úrgangs úr öðru en málmum | 1 | | 78.750 |
| Fangageymsla | 0,5 | | 21.875 |
| Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaður o.þ.h. án eldhúss | 0,5 | | 30.625 |
| Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaður o.þ.h. með eldhúsi | 0,5 | | 39.375 |
| Félagsaðstaða, fræðsluhúsnæði án mötuneytis | 0,5 | | 26.250 |
| Fiskbúð | 1 | 1 | 88.000 |
| Fiskverkun – almenn | 1 | | 87.500 |
| Fiskverkun – sérhæfð | 1 | | 105.000 |
| Fjallaskáli | 0,5 | | 21.875 |
| Flugvöllur án eldsneytisafgreiðslu | 0,25 | | 26.250 |
| Flutningur eða móttaka spilliefna | 0,5 | | 37.188 |
| Fótaaðgerðarstofa | 0,5 | | 26.250 |
| Matjurtarækt, fræ- eða baunaspírur o.þ.h. | 1 | 1 | 105.500 |
| Framleiðsla eða pökkun á kornvörum | 1 | 1 | 114.250 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | | 87.500 |
| Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 1 | | 87.500 |
| Framleiðsla og átöppun drykkjarvara annarra en neysluvatns | 1 | 1 | 131.750 |
| Framleiðsla og átöppun bjórs | 1 | | 61.250 |
| Framleiðsla á dýrafóðri | 0,5 | | 35.000 |
| Framleiðsla á matvöru til matvælavinnslu | 1 | 1 | 105.500 |
| Framleiðsla á steinsteypu | 1 | | 87.500 |
| Framleiðsla á matvælaumbúðum | 1 | | 61.250 |
| Framleiðsla á umbúðaplasti | 1 | | 61.250 |
| Framleiðsla á snyrtivörum, lítil | 1 | | 30.625 |
| Framleiðsla á snyrtivörum | 1 | | 87.500 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Eftirlits- og sýnagjald kr. |
|---|---|---|---|
| Framleiðsla tilbúinna rétta | 1 | 1 | 126.000 |
| Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | | 96.250 |
| Garðaúðun, aðstaða | 0,5 | | 26.250 |
| Gasbirgðastöð | 1 | | 78.750 |
| Gámastöð | 0,5 | | 17.500 |
| Gisting, hótel, veitingasala | 1 | 1 | 140.500 |
| Gisting – gistiheimili eða lítið hótel með veitingasölu | 0,5 | 1 | 39.375 |
| Gistiheimili án veitingasölu | 0,5 | | 26.250 |
| Gisting, flokkur II | 0,5 | | 39.375 |
| Gleriðnaður | 1 | | 52.500 |
| Grjótnám | 1 | | 87.500 |
| Grunnskóli án mötuneytis | 0,5 | | 48.125 |
| Grunnskóli með mötuneyti | 1 | 1 | 131.750 |
| Gæludýraverslun | 0,5 | | 26.250 |
| Gæsluvöllur og opið leiksvæði | 1 | | 61.250 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofa | 0,5 | | 30.625 |
| Hárgreiðslustofa | 0,5 | | 26.250 |
| Heilsugæslustöð | 0,5 | | 26.250 |
| Heimili með félags og/eða heilbrigðisþjónustu | 0,5 | | 30.625 |
| Hestaleigur, reiðskólar, hestaíþróttir | 1 | | 52.500 |
| Hestaíþróttasvæði þ.m.t. reiðhöll | 1 | | 74.375 |
| Hreinlætisvörur, pökkun efnasambanda | 1 | | 61.250 |
| Húðflúrstofa | 1 | | 52.500 |
| Húðgötun | 1 | | 52.500 |
| Íþróttahús, lítið | 1 | | 52.500 |
| Íþróttahús | 1 | | 87.500 |
| Íþróttavellir | 1 | | 52.500 |
| Kaffibrennsla | 0,5 | | 39.625 |
| Kaffihús, lítið | 0,5 | | 21.875 |
| Kaffihús, krá, án matsölu | 1 | | 61.250 |
| Kaffihús, krá, með matsölu | 1 | 1 | 131.750 |
| Kappaksturs- og æfingabraut | 0,5 | | 26.250 |
| Kennslustaður, framhaldskólastig, mötuneyti | 1 | 1 | 131.750 |
| Kennslustaður, verknám í matvælavinnslu | 1 | 1 | 131.750 |
| Kennslustaður, dansskóli, ökuskóli, tónlistarskóli o.þ.h. | 0,5 | | 30.625 |
| Kjötiðn, mjólkuriðn, reykhús eða niðursuða | 0,5 | | 39.375 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla eða pökkun | 1 | 1 | 96.500 |
| Kvikmyndahús | 1 | | 52.500 |
| Kæli- og frystigeymsla | 0,5 | | 26.250 |
| Leikhús | 1 | | 26.250 |
| Leikskóli án mötuneytis | 1 | | 78.750 |
| Leikskóli með mötuneyti | 1 | 1 | 105.500 |
| Líkamsræktarstöð, lítil | 0,5 | | 26.250 |
| Líkamsræktarstöð | 1 | | 52.500 |
| Líkamsræktarstöð, með heitum pottum | 2 | 1 | 123.000 |
| Lyfjagerð | 1 | | 87.500 |
| Læknastofa | 0,5 | | 26.250 |
| Læknahús, röntgen, aðgerðastofa | 0,5 | | 30.625 |
| Malar- og sandnám – efnistaka á vatnsverndarsvæði | 1 | | 122.500 |
| Matjurtir, framleiðsla og pökkun | 1 | 1 | 105.500 |
| Matsölustaður, lítill | 1 | 1 | 88.000 |
| Matsölustaður, veitingahús | 1 | 1 | 114.250 |
| Matvörudreifing með vörugeymslu | 1 | | 43.750 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Eftirlits- og sýnagjald kr. |
|---|---|---|---|
| Matvörusala, minni háttar | 1 | | 35.000 |
| Matvörusala, fæðubótarefni oþh | 0,5 | | 35.000 |
| Matvörusala heildverslun | 1 | | 70.000 |
| Matvöruverslun með takmarkaðri vinnslu | 1 | | 105.500 |
| Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 1 | 158.000 |
| Matvöruverslun án vinnslu | 1 | 1 | 88.000 |
| Matvörudreifing s.s. heildverslun | 1 | | 70.000 |
| Matvörudreifing frá vöruhóteli | 0,5 | | 30.625 |
| Matvælaframleiðsla og pökkun | 1 | 1 | 114.250 |
| Málmiðn, sandblástur | 1 | | 91.875 |
| Málmiðn, blikksmíði með lítið umfang | 0,5 | | 21.875 |
| Málmiðn, flotkví | 1 | | 109.375 |
| Málmiðn, járn-, ál-, blikk- og stálsmíði | 0,5 | | 48.125 |
| Málmiðn, vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | | 43.750 |
| Málmiðn, kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði | 0,5 | | 48.125 |
| Málmiðn, spennaviðgerðir | 0,5 | | 48.125 |
| Málmsteypa < 20 tonn á dag | 0,5 | | 43.750 |
| Meindýraeyðar | 0,5 | | 26.250 |
| Meðferð og húðun málma | 1 | | 83.125 |
| Móttaka brotamálms | 2 | | 157.500 |
| Móttaka á úrgangi til endurnýtingar | 1 | | 61.250 |
| Mötuneyti | 1 | 1 | 96.750 |
| Mötuneyti, lítið (allt að 25 gestir) móttökueldhús | 1 | | 61.250 |
| Neysluvatn, átöppun og dreifing | 1 | 1 | 123.000 |
| Nuddstofa | 0,5 | | 24.063 |
| Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 0,5 | | 30.625 |
| Plastiðnaður, vinnsla með plast og frauðefni | 0,5 | | 30.625 |
| Prentiðnaður | 0,5 | | 28.438 |
| Pökkun á sápuefnum | 1 | | 61.250 |
| Rafgeymaverksmiðja og verkstæði | 0,5 | | 28.438 |
| Rafvélaverkstæði | 0,5 | | 28.438 |
| Reykhús og/eða reykofn | 0,5 | | 39.375 |
| Sala á tilbúnum mat, lítil | 2 | 1 | 88.000 |
| Sala á tilbúnum mat | 2 | 1 | 105.500 |
| Sambýli | 0,5 | | 30.625 |
| Samkomusalir | 0,5 | | 21.875 |
| Sjúkraþjálfun, endurhæfing, kíróprakorstofa, yoga o.þ.h. | 0,5 | | 26.250 |
| Skíðasvæði, lyftur og viðgerðaraðstaða | 1 | | 157.500 |
| Skotvöllur | 1 | | 43.750 |
| Skólphreinsistöð, > 10.000 persónuein. | 1 | | 87.500 |
| Skyndibitastaður, ísbúð, brauðstofa | 2 | 1 | 105.500 |
| Skyndibitastaður eða veitingahús | 2 | 1 | 114.250 |
| Smáhýsi (matvörudreifing) eða matsöluvagn | 1 | 1 | 96.750 |
| Smásala á innpökkuðu sælgæti o.þ.h. | 0,25 | | 10.938 |
| Snyrtistofa | 0,5 | | 26.250 |
| Snyrtivara, matvara, sérhæfð verslun s.s. apótek | 1 | | 35.000 |
| Sorpflutningar og sorphirða | 1 | | 74.375 |
| Sólbaðstofa | 1 | | 61.250 |
| Spennistöð | 0,5 | | 28.438 |
| Steinsmíði | 1 | | 52.500 |
| Steinsmíði, minni háttar | 0,5 | | 26.250 |
| Sumarbúðir | 1 | | 70.000 |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 1 | 105.500 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Eftirlits- og sýnagjald kr. |
|---|---|---|---|
| Sund- og baðstaður, lítill | 3 | 2 | 219.750 |
| Sund- og baðstaður | 4 | 4 | 396.250 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 0,5 | 96.500 |
| Tannlæknastofa | 0,5 | | 48.125 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði | 1 | | 48.125 |
| Tóbakssala | 1 | | 52.500 |
| Trésmiðja, verkstæði | 0,5 | | 30.625 |
| Trésmiðja, með lökkun og/eða mikið umfang | 1 | | 61.250 |
| Varaaflstöð, olíubirgðir > 1.600 l | 1 | | 61.250 |
| Vatnsveita og vatnsból 30.000 – 50.000 íbúar | 25 | 25 | 1.981.250 |
| Vatnsveita og vatnsból 25.000 – 30.000 íbúar | 22 | 22 | 1.743.500 |
| Vatnsveita án vatnsbóls > 5.000 íbúar | 12 | 12 | 898.500 |
| Vatnsveita án vatnsbóls 1.000 – 5.000 íbúar | 4 | 4 | 299.500 |
| Vatnsveita og/eða vatnsból < 1.000 íbúar | 1 | 1 | 79.250 |
| Vatnsveita, einkavatnsból | 1 | 1 | 79.250 |
| Veitingahús | 2 | 1 | 114.250 |
| Veitingavagn | 1 | | 96.750 |
| Veitingaverslun, brauðstofa, ísbúð | 1 | 1 | 105.500 |
| Verkstæði fyrir þungavinnuvélar | 0,5 | | 52.500 kr |
| Verslunarmiðstöð | 1 | | 70.000 |
| Viðhald skipa | 1 | | 109.375 |
| Vinnsla með plast og frauðefni | 0,5 | | 30.625 |
| Vinnsla með trefjaplast | 1 | | 96.250 |
| Vistheimili | 0,5 | | 30.625 |
| Vörugeymsla | 1 | | 43.750 |
| Vörugeymslur, litlar | 0,5 | | 26.250 |
| Þvottahús og/eða efnalaug | 1 | | 61.250 |